

**37. fundur skólanefndar haldinn Reykholtsskóla, Reykholti,  
mánudaginn 23. september 2024, kl. 15:30.**

**Fundinn sátu:**

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Sólmundur Magnús Sigurðarson (í fjarfundabúnaði), Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfðanardóttir, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Hekla Hrönn Pálsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, Ólöf Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna, og Ásta Stefánsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

**1. Starfsáætlun Bláskógaskóla - 2409029**

Starfsáætlun Bláskógaskóla Laugarvatni

*Íris Anna Steinarrsdóttir kynnti starfsáætlun Bláskógaskóla. Skólanefnd samþykkir starfsáætlunina.*

**2. Leikskólastarfið í Álfaborg bæklingur - 2409028**

Bæklingur um leikskólastarfið í Álfaborg (sjá á heimasíðu á ensku og íslensku) <https://alfaborg.leikskolinn.is/Frettir/almennt/Upplysingar-um-skolastarfid-Information-about-preschool-activities/>

*Lieselot kynnti bækling um leikskólastarfið í Álfaborg. Í bæklingnum er útfærsla á aðalnámskrá skólans og verður efni hans hluti af aðalnámskrá skólans.*

**3. Reglur leikskóla Bláskógabyggðar - 2311003**

Umræða um breytingar á leikskólareglum, dvalartími barna undir 24 mánaða.

*Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að útfærðar verði breytingar á leikskólareglum hvað varðar dvalartíma og skráningardögum, samhliða skoðun á gjaldskrá næsta árs.*

**4. Heimgreiðslur til foreldra barna 12-18 mánaða - 2409027**

Umræða um heimgreiðslur til foreldra barna 12-18 mánaða.

*Skólanefnd mælir með við sveitarstjórn að skoðuð verði útfærsla á valkvæðum heimgreiðslum til foreldra yngstu barna, 12 til 24 mánaða.*

**5. Húsnæði fyrir starfsfólk - 2409030**

Beiðni Hildar Hálfðanardóttur um að rætt verði um húsnæði fyrir leikskólakennara til að auka fjölda fagmenntaðra starfsmanna.

LS

LS

HES

LS

JS

LBJ

AAH

HH

82

JMS

Umræða varð um málið. Skólanefnd beinir því til sveitarstjórnar að velt verði upp hugmyndum um hvað sé hægt að gera hvað húsnæðismál varðar með það að markmiði að fjölga fagmenntuðum starfsmönnum.

**6. Stuðningur við íslenskunám starfsmanna Bláskógabyggðar - 2408031**

Reglur um stuðning við íslenskunám, til kynningar.

Reglur um styrki til íslenskunáms voru lagðar fram til kynningar. Starfsmaður sem starfað hefur hjá sveitarfélaginu í einn mánuð getur fengið allt að 30.000 kr styrk til íslenskunáms, enda hafi hann nýtt þá styrki sem viðkomandi stéttarfélag veitir.

**7. Mönnun stöðugilda í leik- og grunnskólum í Bláskógabyggð - 2408015**

Skólastjórnendur fara yfir stöðu mála hvað varðar mönnun stöðugilda í leik- og grunnskólum Bláskógabyggðar.

Lieselot, leikskólastjóri Álfaborgar, fór yfir stöðuna innan skólans. Fjögur stöðugildi vantar miðað við að öll börn hafi verið tekin inn sem sótt hefur verið um leikskólavist fyrir. Börn eru að koma inn í aðlögun yfir veturinn og þarf mönnun að taka mið af því. Lára, skólastjóri Reykholtsskóla, fór yfir stöðuna. Fullmannað er, nema einn stuðningsfulltrúa vantar. Líkur eru á að það leysist á næstunni. Íris, skólastjóri Bláskógaskóla, fór yfir stöðuna, fullmannað er við skólann.

**8. Viðhald Reykholtsskóla 2024 - 2409033**

Farið verður yfir helstu viðhaldspætti sem sinnt hefur verið á árinu.

Á árinu hefur verið skipt um gólfduík á hluta efri hæðar skólans. Unnið er að uppsetningu lyftu, vinnu við tengingar hefur seinkað. Loftræsing verður bætt í nokkrum kennslustofum. Skólinn tók fyrrum skólastjórabústað, Mosa 1, í notkun fyrir frístund í haust, eftir gagngerar endurbætur. Unnið er að frágangi utanhúss. Húsið er einnig nýtt fyrir félagsmiðstöð og elstu leikskólabörnin.

**9. Viðhald Bláskógaskóla Laugarvatni 2024 - 2409032**

Farið verður yfir helstu viðhaldsliði sem sinnt hefur verið á árinu.

Gólfduíkar á hluta hússins voru endurnýjaðir og skipt hefur verið um hluta af ljósum í kennslustofum. Skólinn var málaður að utan og ráðist hefur verið í endurbætur á loftræsingunni í leikskólahluta.

**10. Námsleyfasjóður vegna skólaársins 2025-2026 - 2409031**

Tilkynning Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 09.09.2024 þar sem athygli er vakin á því að opnað hefur verið fyrir umsóknir um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2025-2026.

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 17:00.

HA

AG

HS

SS

AA

LS  
LB

Áslaug Alda P  
Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Sólmundur Magnús Sigurðarson

Hildur Hálfðanardóttir  
Hildur Hálfðanardóttir

Lára B. Jónsd.  
Lára Bergljót Jónsdóttir

As Ólöf-Kristjánsdóttir

Ástá Stefánsdóttir  
Ástá Stefánsdóttir

Sveinn I. Sveinbjörnsson  
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Harpa Sævarsd.  
Harpa Sævarsdóttir

Liéselot Simoen  
Liéselot Simoen

Iris Anna Steinarrsdóttir  
Iris Anna Steinarrsdóttir

Hekla Hrönn Pálsdóttir  
Hekla Hrönn Pálsdóttir

Guðbjörg Gunnarsdóttir  
Guðbjörg Gunnarsdóttir